

REGLUGERÐ

um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að öryggi barna og annarra í leik og umgengni við þar til gerð leikvallatæki eða leiksvæði með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir um öryggi leiksvæða og leikvallatækja og annarra tækja sem börn nota til leikja á skipulögðum leiksvæðum og eftirlit með þeim, hvort sem um er að ræða tímabundna starfsemi eða til frambúðar. Reglugerðin gildir einnig um skapandi leiksvæði.

Reglugerðin gildir um tæki sem falla undir viðauka I og IV.

Um öryggi leiktækja sem ætluð eru til einkanota fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur eftirlit með því að leiktæki á markaði uppfylli settar reglur um öryggi.

3. gr.

Skilgreiningar.

Aðalskoðun er skoðun sem ætlað er að staðfesta öryggi tækisins, undirstöðu þess og umhverfis.

Áhættumat er kerfisbundin greining og flokkun áhættupáttar þar sem áhætta er metin í ljósi þess hversu líklegt er að slys verði og hversu alvarlegur áverki geti orðið.

Eftirlitsskoðun á framkvæmdastigi er skoðun sem gerð er á frágangi öryggisundirlags, að gengið sé frá því eins og leiðbeiningar framleiðanda segja til um og tekið sé mið af veðurfari þar sem undirlaginu er komið fyrir. Skoðunin gengur einnig úr skugga um að jarðfestingar tækja séu settar niður samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

ÍST EN staðall er staðall sem er samþykktur af evrópskum staðlasamtökum (CEN, CENELEC eða ETSI) og staðfestur af Staðlaráði Íslands sem íslenskur staðall.

Leiksvæði er svæði, hvort sem er innan dyra eða utan, skipulagt fyrir leik barna svo sem í eða við leikskóla, grunnskóla, gæsluvelli og opin leiksvæði. Einnig leiksvæði annarra aðila þar sem börn eiga greiðan aðgang eða sem er ætlað börnum svo sem í eða við fjöleignarhús með sameiginlegu svæði, þjónustusvæði fristundahúsa, tjaldsvæði, skapandi leiksvæði, í verslunarhúsnæði, á veitingastöðum og samkomustöðum.

Leiktæki er leikfang til heimilisnota þar sem stoðvirkið er kyrrstætt á meðan leikið er og sem er ætlað til að barn geti gert eftirfarandi: klifrað, hoppað, rólað, rennt sér, ruggað, snúið og skriðið eða einhverja samsetningu þessara athafna.

Leikvallatæki er þar til gert tæki eða mannvirki, þar með talið hlutar þess, sem börn leika sér í eða á utanhúss og innanhúss og almenningur hefur aðgang að.

Reglubundin yfirlitsskoðun er skoðun sem ætlað er að greina augljósa hættu sem meðal annars má rekja til skemmda, notkunar eða veðurs.

Rekstraraðili er einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi rekstri.

Rekstrarhandbók er handbók sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar um leiksvæðið, leikvallatæki, önnur tæki sem falla undir reglugerð þessa og öryggisundirlag og annan þann búnað sem staðsettur er á leiksvæðinu sem og uppsetningu, rekstur, breytingar, lagfæringar, öryggi og niðurstöður innra eftirlits, utanaðkomandi úttektir og eftirlit heilbrigðisnefndar.

Rekstrarskoðun er skoðun sem er ítarlegri en reglubundin yfirlitsskoðun og lýtur að virkni og stöðugleika leikvallatækisins, skoðun á öryggisundirlagi og öryggi leiksvæðisins og felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum.

Skoðun eftir slys er skoðun óháðs aðila í kjölfars alvarlegs slyss til að ganga úr skugga um hvort rekja megi slysið til leikvallatækis eða öryggisundirlags.

Yfirborðsefni eru þau efni sem notuð eru á yfirborði leiksvæða, svo sem gras, möl, sandur, hellur, malbik, timburpallar og samsvarandi. Einnig yfirborðsefni sem hafa eiginleika til dempunar falls, svo sem öryggisundirlag, sbr. ÍST EN 1177 og ÍST EN 1176-1.

4. gr.

Úttekt og starfsleyfi.

Fyrsta aðalskoðun, þ.e. upphafsskoðun, skal fara fram eftir uppsetningu leikvallatækja og annars búnaðar áður en nýtt leiksvæði er tekið í notkun. Aðalskoðun skal einnig fara fram áður en leiksvæði er aftur tekið í notkun eftir umfangsmiklar breytingar, endurgerð og viðhald. Áður en leiksvæði er tekið í notkun skal jafnframt fara fram öryggisúttekt byggingarfulltrúa samkvæmt byggingarreglugerð, sé um byggingarleyfisskylda framkvæmd að ræða.

Um starfsleyfi og starfsleyfisskyldu leiksvæða fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustu-hætti.

5. gr.

Ábyrgð.

Rekstraraðili ber ábyrgð á að leiksvæði og leikvallatæki þess sé samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og skal kynna ákvæði reglugerðarinnar, innra eftirlit og starfsleyfisskilyrði fyrir starfsmönnum sínum. Á heimasíðum grunn- og leikskóla skal rekstraraðili setja upplýsingar um öryggismál á viðkomandi skólalóð og jafnframt hvetja forráðamenn barna í leik- og grunnskóla til að kynna sér öryggismál á skóla- og leikskólalóðum og upplýsa um hvar hægt er að koma ábendingum á framfæri um það sem betur má fara. Eigendur fjöleignarhúsa bera ábyrgð á rekstri og eftirliti leiksvæða við sín hús. Tilkynna skal leikvallatæki við hús eða á lóð fjöleignarhúsa til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Rekstraraðili ber ábyrgð á að innra eftirlit með leiksvæði sé virkt, sbr. 12. gr. Til að tryggja öryggi á öllum stigum framkvæmda ber rekstraraðili ábyrgð á að nauðsynlegt samstarf á hönnunarstigi fari fram og skal hann fá til verksins hæfan verktaka/framkvæmdaaðila sem fer eftir fyrirmælum hönnuðar og leiðbeiningum sem fylgja með tækjum um uppsetningu þeirra og frágang. Rekstraraðili skal jafnframt tryggja að verktaki sem annast uppsetningu og frágang leiksvæða og leikvallatækja hafi til þess tilskilin réttindi, t.d. réttindi á sviði skruðgarðyrkju þar sem við á, eða viðeigandi hæfni.

Framleiðandi er ábyrgur fyrir að leggja fram vottun á því að leikvallatæki og öryggisundirlag uppfylli kröfur er fram koma í stöðlum ÍST EN 1176 og ÍST EN 1177 og öðrum stöðlum sem snerta búnað og tæki sem reglugerðin nær yfir. Framleiðandi er jafnframt ábyrgur fyrir því að leggja fram leiðbeiningar um uppsetningu, frágang og viðhald tækja. Sé söluaðili annar en framleiðandi skal hann leggja fram vottun og leiðbeiningar, skv. 1. og 2. ml.

6. gr.

Rekstrarhandbók.

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfsemi sem fellur undir reglugerð þessa, í samræmi við viðauka V. Rekstrarhandbók skal vera aðgengileg á rafrænan hátt fyrir eftirlitsaðila og skoðunaraðila.

II. KAFLI

Almenn ákvæði um leiksvæði.

7. gr.

Umhverfi.

Við frágang leiksvæða, aðkomu og umhverfis skal þess gætt, í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, að öryggi og aðgengi notenda verði sem best tryggt.

Hvert leiksvæði skal merkt með sýnilegum hætti með t.d. nafni, heimilisfangi og auðkennisnúmeri svæðis. Nánari ákvæði um innihald merkinga leikvallasvæðis skal vera í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

Óheimilt er að staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu, hruns eða hættu á drukknun.

Aðkoma að svæðinu fyrir gangandi, hjólandi og eftir atvikum akandi vegfarendur skal vera þannig að ekki skapist óþarfa hættu á og við leiksvæðið. Aðkoma sjúkrabíla og annarra neyðartækja, svo sem slökkviliðs og lögreglu skal vera merkt.

Umferð vél- og rafknúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur, svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunar tækja og búnaðar.

Hindra skal að börn geti hlaupið beint út af leiksvæði þangað sem umferð er.

Á leiksvæðum skal vera góð lýsing eftir því sem við á.

Þar sem grindverk og hlið eru á lóðum leiksvæða skal frágangi þeirra þannig hagað að börnum stafi ekki hættu af.

Við framkvæmdir og viðhald leiksvæða skal taka tillit til eðlis starfseminnar.

Skapandi leiksvæði geta verið hluti af hefðbundnu leiksvæði eða eitt og sér og skulu ávallt vera undir eftirliti og á ábyrgð rekstraraðila. Á skapandi leiksvæðum og náttúrulegum leiksvæðum skal efniviður taka mið af gildandi stöðlum ÍST EN 1176 og ÍST EN 1177, sbr. viðauka I.

8. gr.

Hreinlæti.

Rekstraraðili leiksvæðis skal halda leiksvæði snyrtilegu.

Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

Á og við leiksvæði skal gert ráð fyrir að hægt sé að losa rusl og sorp eftir því sem við á.

Rekstraraðili leiksvæðis skal sjá um að rusl sé fjarlægð reglulega, sbr. ákvæði reglugerðar um meðhöndlun úrgangs. Hættulegt rusl ber að fjarlægja jafnóðum, svo sem tóbak, sprautunálar og gler.

III. KAFLI

Öryggi.

9. gr.

Öryggi leiksvæða.

Við frágang leikvallataækja á lóðum og annars búnaðar sem er tengdur þeim skal þess gætt, í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, að öryggi og aðgengi notenda verði sem best tryggt. Leikvallataeki skulu þannig gerð, staðsett og frágengin að ekki skapist hættu á slysum við notkun þeirra.

Til að tryggja öryggi barna á leiksvæðum skal við hönnun og gerð leiksvæða fara eftir ákvæðum í viðauka II.

Leiktæki má ekki setja upp á leiksvæði sem almenningur hefur aðgang að.

10. gr.

Öryggi leikvallataækja.

Þeir sem flytja inn, framleiða, markaðssetja, leigja eða dreifa leikvallataekjum hér á landi eða ætla að flytja þau út til annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu skulu geta sýnt fram á að viðkomandi tæki uppfylli kröfur sem fram koma í stöðlum um leikvallataeki og undirlag þeirra, ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I. Þetta skal a.m.k. gert með yfirlýsingu framleiðenda, ásamt prófunarniðurstöðu þar sem fram skulu koma tæknilegar upplýsingar um einstök leikvallataeki unnin af aðila með sérþekkingu á framangreindum stöðlum.

Með leikvallataekjum sem sett eru á markað skulu fylgja leiðbeiningar um uppsetningu og viðhald tækjanna svo og upplýsingar um þá staðla sem framleiðslan byggist á. Teikningar af tækinu fullbúnu skulu enn fremur fylgja með, upplýsingar um nauðsynleg verkfæri og önnur hjálpargögn við uppsetningu tækjanna.

Upplýsingar um ráðlagða notkun og fyrir hvaða aldurshópa tækið er skulu fylgja með leikvallataekjum. Ef tækið er eingöngu ætlað til notkunar innanhúss skal greint frá því sérstaklega með viðeigandi merkingum.

Leikvallatæki sem sett eru á markað hér á landi skulu merkt nafni framleiðanda, vörumerki hans eða öðru kennimerki. Ef um er að ræða erlenda framleiðslu skal nafn innflytjenda koma fram á leikvallatækinu.

Allar upplýsingar er varða rétta samsetningu, uppsetningu, viðhald og notkun leikvallatækja skulu fylgja með á íslensku.

11. gr.

Hönnun leikvallatækja.

Hönnun, framleiðsla, frágangur og viðhald leikvallatækis og öryggisundirlags þess skal vera þannig að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi af leik í tækinu þegar það er notað eins og til er ætlast eða eins og búast má við að það sé notað. Öryggisundirlag skal vera samkvæmt ÍST EN 1177. Taka skal mið af veðurfari á hverjum þeim stað sem því er komið fyrir og skal Umhverfisstofnun setja leiðbeiningar þar sem m.a. skal tilgreina til hvaða aðgerða/úrræða skuli grípa við mismunandi veðurfarsaðstæður, svo sem til tímabundinnar lokunar svæða eða stýringar á notkun.

Þar sem það á við skulu leikvallatæki sérstaklega merkt með áberandi hætti hvaða aldri barna þau eru ætluð. Umhverfisstofnun skal hafa upplýsingar um staðlaðar merkingar skv. 1. ml. á heimasíðu sinni.

Mörk, körfuboltaspjöld, ærslabelgi og samsvarandi búnað skal festa tryggilega niður. Að öðru leyti skal fara eftir stöðlum sem taldir eru upp í viðauka IV.

12. gr.

Slys.

Skráning slysa skal vera rafræn í samræmi við rafrænt slysaskráningarblað. Skráning slysa í leikskóla skal vera samkvæmt handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum, sbr. reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. Skráning slysa í grunnskóla skal vera samkvæmt handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum, sbr. reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.

Forstöðumenn grunn- og leikskóla og rekstraraðilar opinna leiksvæða skulu tilkynna alvarleg slys, svo og slys sem telja má að rekja megi til leikvallatækis, búnaðar eða leiksvæðis, til heilbrigðis-eftirlits.

IV. KAFLI

Eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum.

13. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum skal vera í samræmi við kröfur samkvæmt staðla-röðinni ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I. Við endurútgáfu staðla er heimilt að nota þá útgáfu sem fellur úr gildi í tólf mánuði eftir gildistöku þess nýrri. Eftirlit með öðrum tækjum sem falla undir reglugerð þessa skal fara eftir stöðlum sem taldir eru upp í viðauka IV.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur eftirlit með því að leikvallatæki á markaði uppfylli settar reglur um öryggi, þ.e. markaðssetningu á nýjum leikvallatækjum. Um málsmeðferð og réttarfarsúrræði fer eftir ákvæðum laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða. Tíðni þess eftirlits er háð mati eftirlitsaðila og við slíkt mat skal tekið tillit til umfangs og innra eftirlits þess leiksvæðis sem um ræðir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á að innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum sé virkt.

Heilbrigðisfulltrúi skal hafa aðgang að rekstrarhandbók, þ.e. öllu skráðu og skjalfestu efni er eftirlitið varðar, svo sem skráningu á innra eftirliti. Skoðunaraðili skal senda upplýsingar um aðal-skoðun til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd metur tíðni milli aðalskoðunar, sbr. ákvæði 14. gr.

14. gr.

Innra eftirlit.

Innra eftirlitið er eftirlit rekstraraðila og skal framkvæmt samkvæmt gátlistum og ákvæðum ÍST EN 1176 og ÍST EN 1177 hvað varðar leikvallatæki og undirlag. Hvað varðar önnur tæki sem falla undir reglugerð þessa skal fara eftir ákvæðum staðla sem taldir eru upp í viðauka IV. Innra eftirlit skal færa rekstrarhandbók, sbr. ákvæði 6. gr. Jafnframt skal tilgreina til hvaða úrbóta skuli grípa þegar frávík verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum var lokið.

Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun, sbr. ákvæði í viðauka III. Rekstraraðili ber ábyrgð á innra eftirliti og að eftirlitsskoðun á framkvæmdastigi fari fram. Tilgreindur ábyrgðaraðili skal vera að hverjum eftirlitsþætti innra eftirlits og skal hann gera rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og benda á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili skal gera nauðsynlegar úrbætur eða taka hlutaðeigandi tæki úr notkun.

Aðalskoðun skal framkvæmd samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda leikvallatækja af óháðum aðila sem hlotið hefur faggildingu samkvæmt kröfum ÍST ISO/IEC 17020. Umhverfisstofnun skal halda lista yfir þá sem eru með faggildingu til aðalskoðunar.

Eftir fyrstu aðalskoðun, þ.e. upphafsskoðun, skal aðalskoðun framkvæmd árlega komi fram frávík með talsverðri eða hámarks áhættu við aðalskoðun eða að rekstrarskoðun hafi ekki verið sinnt. Heilbrigðisnefnd metur alvarleika frávika og hvort að það þurfi að fylgja þeim eftir. Leiði aðalskoðun ekki í ljós alvarleg frávík eða rekstraraðili hefur brugðist við frávikum og bætt úr og rekstrarskoðun sinnt er heilbrigðisnefnd heimilt að ákveða lengri tíðni milli aðalskoðana en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Nefndin skal meta tíðnina út frá niðurstöðum aðalskoðunar, niðurstöðum rekstrarskoðana og áhættu.

Rekstraraðili skal fyrir 1. febrúar ár hvert senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd upplýsingar um niðurstöður rekstrarskoðana liðins árs. Jafnframt skal rekstraraðili birta niðurstöðurnar á heimasíðu sinni.

Verði alvarlegt slys skal án tafar taka leikvallatækið, undirlag þess, búnaðinn og/eða svæðið þar sem slysið varð úr notkun og framkvæma skoðun samkvæmt ákvæðum staðalsins ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I, til að hægt sé að lagafæra tækið eða hluta þess eða öryggisundirlagið í kringum það. Sama á við um önnur tæki sem falla undir reglugerð þessa og skal fara eftir ákvæðum staðla sem taldir eru upp í viðauka IV. Sé ekki mögulegt að bæta úr þannig að tækið og öryggisundirlagið verði öruggt skal taka tækið varanlega úr notkun. Rekstraraðili skal tilkynna slysið með formlegum hætti til framleiðanda/innflytjanda.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Undanþágur.

Rekstraraðilar leiksvæða sem hafa sérstakt menningar- og sögulegt gildi geta sótt um undanþágu frá einstökum ákvæðum 4., 5., 6., 9., 10., 11., 13. og 14. gr. sem gilda um leiksvæðið og leikvallatækin til Umhverfisstofnunar, enda sé umrætt leiksvæði sérstakt, um 50 ára gamalt eða eldra og hafi frá upphafi verið og sé enn hluti af sérstöðu sveitarfélags. Umsókn um undanþágu skal fylgja rökstuðningur um sérstöðu svæðisins, sögulegt ágríp, rökstuðningur fyrir undanþágunni og greinargerð um hvað sé gert til að tryggja öryggi á svæðinu. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar áður en undanþága er veitt. Afmarka skal undanþáguna á þann hátt að tryggja sem best öryggi barna og annarra í leik og umgengni við leikvallatæki og leiksvæði. Heilbrigðisnefnd skal taka mið af veittri undanþágu við gerð starfsleyfis og eftir aðstæðum setja inn sértækar kröfur til að tryggja öryggi. Skilyrði undanþágu er að merkt sé með skýrum og sýnilegum hætti á svæðinu að leiksvæðið og tækin uppfylli ekki að fullu reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða.

16. gr.

Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði.

Um valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustu- hætti og mengunarvarnir.

17. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu að höfðu samráði við innviðaráðherra. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 30. ágúst 2022.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I

Staðlar um leikvallatæki og undirlag þeirra.

Eftirfarandi eru staðar úr staðlaröðinni ÍST EN 1176 að viðbættum ÍST EN 1177.

1. ÍST EN 1176-1: Leikvallatæki og yfirborð – 1. hluti: Almennar öryggiskröfur og prófunaraðferðir. (Playground equipment and surfacing – Part 1: General safety requirements and test methods).
2. ÍST EN 1176-2: Leikvallatæki og yfirborð 2. hluti: Rólur, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir. (Playground equipment and surfacing – Part 2: Additional specific safety requirements and test methods for swings).
3. ÍST EN 1176-3: Leikvallatæki og yfirborð 3. hluti: Rennibraut, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir. (Playground equipment and surfacing – Part 3: Additional specific safety requirements and test methods for slides).
4. ÍST EN 1176-4: Leikvallatæki og yfirborð 4. hluti: Hlaupakettir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir. (Playground equipment and surfacing – Part 4: Additional specific safety requirements and test methods for cableways).
5. ÍST EN 1176-5: Leikvallatæki og yfirborð 5. hluti: Hringekjur, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir. (Playground equipment and surfacing – Part 5: Additional specific safety requirements and test methods for carousels).
6. ÍST EN 1176-6: Leikvallatæki og yfirborð 6. hluti: Rugguhestar, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir. (Playground equipment and surfacing – Part 6: Additional specific safety requirements and test methods for rocking equipment).
7. ÍST EN 1176-7: Leikvallatæki og yfirborð 7. hluti: Leiðbeiningar um uppsetningu, eftirlit, viðhald og rekstur. (Playground equipment and surfacing – Part 7: Guidance on installation, inspection, maintenance and operation).
8. ÍST EN 1176-10: Leikvallatæki og yfirborð 10. hluti: Aflokuð leiktæki, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir. (Playground equipment and surfacing – Part 10: Additional specific safety requirements and test methods for fully enclosed play equipment).
9. ÍST EN 1176-11: Leikvallatæki og yfirborð 11. hluti: Klifurnet, sérkröfur og prófanir. (Playground equipment and surfaces – Part 11). (Additional specific safety requirements and test methods for spatial network).
10. ÍST EN 1177: Höggdeyfandi yfirborðsefni á leiksvæðum – Ákvörðun á öruggri fallhæð. EN 1177 (Impact attenuating playground surfacing – Methods of test for determination of impact attenuation).

VIÐAUKI II Öryggi leiksvæða.

Um öryggi leiksvæða gildir eftirfarandi:

1. Leiksvæði skulu vera þannig hönnuð og frágengin að minnsta mögulega hætta sé á að börn verði fyrir slysi á svæðinu.
2. Séu hlutir úr náttúrunni notaðir sem leikvallatæki eða sem hluti þeirra gilda sömu kröfur um þau og önnur leikvallatæki, eftir því sem við á.
3. Yfirborðsefni á leiksvæðum skulu valin með tilliti til hálfu og falls og viðeigandi skil skulu vera á milli mismunandi yfirborðsefna.
4. Leiksvæði skulu hönnuð með vatnshalla, vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir þannig að hætta stafi af.
5. Girðing umhverfis leiksvæði leikskóla skal ekki vera lægri en 120 cm. Þar sem snjóþungt er skulu girðingar vera hærri ef þörf er á og hafa skal samráð við heilbrigðisnefnd um hæðina.
6. Girðingastaura, ljósastaura og hlið sem eru úr járn, t.d. galvaniseraðir, þarf að mála upp í 1,5 m hæð svo ekki sé hætta á að börn geti fest tungu eða fingur við þá í frosti. Ljósastaurar skulu þannig staðsettir að sem minnst hætta sé á að börn rekist á þá í leik.
7. Gæta skal að því að á leiksvæðum sé hvorki þyrndur og/eða eittraður gróður né gróður sem valdið geti ertingu eða sárum. Umhverfisstofnun gefur út lista yfir varasaman gróður.
8. Á svæðum sem ætluð eru til vatnsleikja skal þess gætt við hönnun og frágang og rekstur að ekki skapist hætta af.
9. Við hönnun sleðabrekku skal miða við að rennslið niður sé óhindrað og án hættulegrar fyrirstöðu. Við hönnun skal miða við að rennslisflöturinn sé með setflöt efst, hæfilegum halla og bremsuflöt neðst. Þar sem þörf er á skal koma fyrir bólstruðum stöðvunarhindrunum.
10. Staðsetja skal hjólastíga á leiksvæðum þannig að þeir liggi ekki um lágmarksrými leikvallatækja. Þeir skulu vera minnst 120 cm breiðir, halli skal vera hæfilegur og hafa skal hindranir meðfram þar sem hætta er á falli. Lágmarksrými er það rými sem þörf er á umhverfis tækið svo hættulaust sé að nota það.
11. Um hönnun sandkassa gilda sömu kröfur og um önnur leikvallatæki.
12. Um stoðveggi, verkfærageymslur og önnur mannvirki á leiksvæðum gilda eftir því sem við á sömu kröfur og um leikvallatæki.
13. Á leiksvæðum er óheimilt að nota efnavörur eða hluti sem valdið geta heilsutjóni vegna geislunar, inntöku, innöndunar eða upptöku um húð. Val á efnum skal standast ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Um aðra notkun efna og efnavara skal fara eftir ákvæðum staðalsins ÍST EN 71 um öryggi leikfanga.
14. Um öryggi í umhverfinu skal fara eftir ákvæðum ÍST CEN/TR 16879.
15. Um öryggi opinna leiksvæða skal fara eftir ákvæðum ÍST CEN/TR 16467.
16. Náttúrefni notuð í sköpunarleikjum á skipulögðum leiksvæðum s.s. við grunn- og leikskóla skulu frágengin á öruggan hátt í lok hvers starfsdags.
17. Sérstaklega skal gætt að öryggi barna 0-3 ára á skipulögðum leiksvæðum með því að staðsetja þau sér á lóðinni og gæta þess að það sé ekki nálægt svæðum sem bjóða upp á kraftmikinn leik eldri barna.

VIÐAUKI III Innra eftirlit.

Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun:

1. Reglubundna yfirlitsskoðun þarf að framkvæma eftir notkun og álagi á leiksvæðinu, t.d. daglega á leik- og grunnskólalóðum á starfstíma þeirra. Rekstraraðili metur þörf á mikilvægi á reglubundinni yfirlitsskoðun á opnum leiksvæðum. Tilgangur reglubundinnar yfirlitsskoðunar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, svo sem glerbrot, spautunálar og tóbak, skemmd leikvalla-

tæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur. Reglubundin yfirlitsskoðun felst einnig í að sópa mól, sandi og öðru lausu efni af stéttum og yfirborði eftir þörfum. Þá skal við reglubundna yfirlitsskoðun fjarlægja skemmd leikvallatæki og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka bilaðan búnað úr umferð.

2. Rekstrarskoðun er skoðun framkvæmd af rekstraraðila og felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum og skal framkvæma hana tvisvar til fjórum sinnum á ári eftir notkun og álagi. Skoðuninni er ætlað að ganga úr skugga um að leikvallatæki virki eins og til er ætlast, stöðugleiki og festingar þeirra séu tryggar, kanna slitfleti, gera við tæki og framkvæma nauðsynlegt viðhald, svo sem að mála, skipta um slitfleti, festa tæki og laga og hreinsa undirlag. Hér er bæði unnið eftir leiðbeiningum framleiðanda og ábendingum frá reglubundinni yfirlitsskoðun.
3. Aðalskoðun er ástandsskoðun sem ætlað er að gera heildarúttekt á öryggi leikvallatækja, yfirborðsefna, m.a. yfirborðsefna til dempunar falls, og undirstaða undir leikvallatækjum (stöðugleikapróf), til dæmis vegna áhrifa veðrunar eins og ryðs og rotnunar á leikvallatæki og á yfirborðsefni. Einnig skal skoða allar breytingar er geta haft áhrif á öryggi leikvallatækja. Þar má nefna áhrif viðgerða eða ísetningu nýrra hluta og uppsetningu nýrra tækja á leiksvæðum. Staðallinn segir til um að hæfur, óháður aðili samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda eigi að framkvæma aðalskoðun. Hæfni aðila fer eftir eðli verkefnis. Fyrsta aðalskoðun, þ.e. upphafsskoðun, er skoðun eftir uppsetningu leikvallatækja, frágangs undirlags og annars búnaðar. Markmið þeirrar skoðunar er að tryggja að framfylgt hafi verið rekstrarhandbók fyrir leiksvæðið og öll leiktæki og öryggisundirlag hafi verið rétt frágengin eða samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og uppfylli gildandi staðla samkvæmt prófunarvottorði. Einnig skulu gögn um skoðun á framkvæmdastigi viðkomandi tækja liggja fyrir.

VIÐAUKI IV

Aðrir staðlar.

- A. Eftirfarandi eru staðlar um fótbolta-, handbolta- og hokkímörk, körfuboltaspjöld, ærslabelgi og klifurveggi:
1. ÍST EN 748: Búnaður leiksvæða – Fótboltamörk – Virkni og öryggiskröfur, prófunaraðferðir. (Playing field equipment – Football goals – Functional and safety requirements, test methods).
 2. ÍST EN 749: Búnaður leiksvæða – Handboltamörk – Virkni og öryggiskröfur, prófunaraðferðir. (Playing field equipment – Handball goals – Functional and safety requirements, test methods).
 3. ÍST EN 750: Búnaður leiksvæða – Hokkímörk – Virkni og öryggiskröfur, prófunaraðferðir. (Playing field equipment – Hockey goals – Functional and safety requirements, test methods).
 4. ÍST EN 1270: Búnaður leiksvæða – Körfuboltabúnaður – Virkni og öryggiskröfur, prófunaraðferðir. (Playing field equipment – Basketball equipment – Functional and safety requirements, test methods).
 5. ÍST EN 14960-1: Uppblásanleg leiktæki – Hluti 1: Öryggiskröfur og prófunaraðferðir. (Inflatable play equipment – Part 1: Safety requirements and test methods).
 6. ÍST EN 14960-2: Uppblásanleg leiktæki – Hluti 2: Viðbótaröryggiskröfur fyrir uppblásanlega ærslabelgi sem ætlaðir eru til varanlegrar uppsetningar. (Inflatable play equipment – Part 2: Additional safety requirements for inflatable bouncing pillows intended for permanent installation).
 7. ÍST EN 12572-1: Tilbúin klifurvirki – Hluti 1: Öryggiskröfur og prófunaraðferðir fyrir ACS með festum til öryggistrygginga. (Artificial climbing structures – Part 1: Safety requirements and test methods for ACS with protection points).
 8. ÍST EN 12572-2: Tilbúin klifurvirki – Hluti 2: Öryggiskröfur og prófunaraðferðir fyrir klifurveggi (Artificial climbing structures – Part 2: Safety requirements and test methods for bouldering walls).

9. ÍST EN 12572-3: Tilbúin klifurvirki – Hluti 3: Öryggiskröfur og prófunaraðferðir fyrir klifurfestur. (Artificial climbing structures – Part 3: Safety requirements and test methods for climbing holds).
- B. Eftirfarandi eru staðlar um vatnsleikvallatæki, m.a. vatnsrennibrautir:
 1. ÍST EN 17232: Vatnsleiktæki og eiginleikar – Öryggiskröfur, prófunaraðferðir og kröfur til reksturs. (Water play equipment and features – Safety requirements, test methods and operational requirements).
 2. ÍST EN 17164: Klifur/klifurveggir til nota í vatnssvæðum sundlauga fyrir almenning – Öryggi og kröfur til reksturs. (Climbing/bouldering walls for use in the water area of swimming pools of public use – Safety and operational requirements).
 3. ÍST EN 1069-1: Vatnsrennibrautir – Hluti 1: Öryggiskröfur og prófunaraðferðir. (Water slides – Part 1: Safety requirements and test methods).
 4. ÍST EN 1069-2: Vatnsrennibrautir – Hluti 2: Leiðbeiningar. (Water slides – Part 2: Instructions).
- C. Staðall um fjölíþróttabúnað fyrir frjálsan aðgang.
ÍST EN 15312+A1 Fjölnota íþróttabúnaður með frjálsu aðgengi – Kröfur, að meðtöldum öryggis- og prófunaraðferðum. (Free access multi-sports equipment – Requirements, including safety and test methods).
- D. Eftirfarandi eru ýmsir aðrir staðlar sem ná yfir leikvallatæki og leikvelli:
 1. ÍST ISO/IEC 17020: Samræmismat – Almenn viðmið um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir. (Conformity assessment – Requirements for the operation of various types of bodies performing inspection).
 2. ÍST CEN/TR 17207: Leikvelli og afþreyingarsvæði – Umgjörð um hæfni skoðunarmanna leikvalla. (Playground and recreational areas – Framework for the competence of playground inspectors).
 3. ÍST CEN/TR 16879: Staðsetning leikvallar og annarrar afþreyingaraðstöðu. Ráð um aðferðir við staðsetningu og aðskilnað. (Siting of Playground and other recreational facilities. Advice on methods for positioning and separation).
 4. ÍST CEN/TR 16467: Leikvallatæki aðgengileg öllum börnum. (Playground equipment accessible for all children).

VIÐAUKI V Rekstrarhandbók.

Skráning í rekstrarhandbók.

- A. Í rekstrarhandbók skal skrá eftirfarandi á aðgengilegan hátt:
 1. Samstarf á hönnunarstigi, m.a. teikningar af lóð og staðsetning leiktækja og öryggissvæða þeirra, samskipti rekstraraðila við hönnuði og verktaka/framkvæmdaaðila.
 2. Uppsetningu og frágang tækja.
 3. Heimilisfang og auðkennisnúmer svæðis.
 4. Auðkennismerkingu einstakra tækja og búnaðar.
 5. Yfirlit yfir svæðið og afstöðumynd leiksvæðis, leikvallatækja, mannvirkja, aðkomu umferðar og annað sem máli skiptir varðandi svæðið.
 6. Fjöldi og tegundir leikvallatækja og annars búnaðar sem staðsettur er á lóðinni, ásamt öryggisundirlagi.
 7. Staðfestingu á vottun hvers tækis og öryggisundirlags um að þau uppfylli gildandi staðla.
 8. Breytingar á upprunalegri hönnun tækja, viðhald og eftirlit í samræmi við breytingar.
 9. Almenn viðhald og lagfæringar.
 10. Hver framleiddi tækið og hver söluaðilinn er sé hann annar en framleiðandi.
 11. Yfirlit yfir allar skoðanir og úttektir, hvernig og hvenær rekstraraðili hefur framkvæmt lagfæringar á frávikum.
 12. Slys, viðbrögð við þeim og hvernig og hvert tilkynna eigi slys, þ. á m. til heilbrigðiseftirlits.

- B. Í rekstrarhandbók skulu eftirfarandi skjöl vera aðgengileg:
13. Afrit af ferlum um uppsetningu og frágang tækja, sbr. tölul. 2 hér að framan.
 14. Leiðbeiningar framleiðanda um rétta uppsetningu og frágang hvers tækis sem og viðhald þess og breyttar leiðbeiningar, sbr. tölul. 8. hér að framan.
 15. Vottun framleiðanda um að breytingar standist gildandi staðla og uppfærðar leiðbeiningar um viðhald og eftirlit í samræmi við breytingar, sbr. tölul. 8 hér að framan.
 16. Gátlistar fyrir allar skipulagðar skoðanir sem kröfur eru gerðar um.
 17. Starfsleyfi.
 18. Slysaskráningarblað og skrá yfir slys.

B-deild – Útgáfudagur: 13. september 2022